

Grundarfjarðarbær
Kristín Þorleifsdóttir
Borgarbraut 16
350 GRUNDARFJÖRÐUR

Garðabær, 24. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0017
LA, BK, SS

Efni: Umsögn vegna deiliskipulags hafnarsvæðisins við Framnes og Miðgarð og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grundarfjarðar.

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 11. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingar á deiliskipulagi á hafnarsvæði og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039.

Deiliskipulagið nær fyrir norðurhluta hafnarsvæðisins og suður fyrir Miðgarð. Deiliskipulagið er heildarendurskoðun á deiliskipulagi „Framnes austan Nesvegjar, reitir 6 og 9“ frá 2008 m.s.br., og breyting á deiliskipulagi „Miðsvæðis hafnar – reitur 3“ frá 2008 m.s.br. Samhliða deiliskipulaginu er gerð breyting á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039 sem felst í lengingu Miðgarðs og stækkun landfyllingar í kverkinni við rót Norðurgarðs.

Norðurhlutinn nær yfir Norðurgarð og landfyllingu norðan hans en þar er gert ráð fyrir nýjum eða stækkuðum lóðum og nýrri götu, Norðurgarður. Landnotkun á hluta af Framnesi verður breytt úr athafnasvæði (AT-1) í verslun og þjónustu (VP-3).

Suðurhlutinn er svæðið sunnan við Norðurgarð, þ.e. Miðgarður og Suðurgarður, ásamt nýjum lóðum sem fyrirhugaðar eru á uppfyllingu við nýja vegtengingu. Við Miðgarð er um 190 m viðlega en viðlegukantur Suðurgarðs er um 40 m. Áform eru um að lengja Miðgarð (um 50 m) og bæta við landfyllingu við rót Norðurgarðs (um 500 m²).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargóð skipulagsgögn og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Eins og fram kemur í greinargerð er deiliskipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Þá er Melrakkaey í Grundarfirði friðlýst vegna fuglalífs og hefur eyjan 2 km jaðarbelti (sjá skjáskot úr kortavefsjá Alta (<https://www.vefsja.is/>)). Náttúrufræðistofnun tilnefndi Breiðafjarðarsvæðið á B-hluta náttúruminjaskrá 2018 vegna fjöruvistgerða, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/breidafjardur>).

Náttúrufræðistofnun telur brýnt að meta álag á lífríki innan verndarsvæðisins og aukna slyshættu, s.s. mengunarslys, samhliða fjölgun skemmtiferðaskipa um Breiðafjörð á síðustu árum. Fram kemur í greinargerð að á árinu 2023 hefur verið tekið á mót 60 skemmtiferðaskipum við Grundarfjörð með 47.000 farþegum og rúmlega 24.000 manna áhöfn.

Birgðastöð fyrir olíu og annað eldsneyti verður á hafnarsvæðinu, en ekki er fjallað um þann möguleika að koma fyrir raftengingu t.d. fyrir skemmtiferðaskip. Slíkur möguleiki myndi koma




í veg fyrir kolefnislosun og mengun. Hljóðmengun við höfnina verður til staðar svo lengi sem skipin keyra á díselrafstöð við hafnarbakkann.

Lífriki hafsbotsins við Grundarfjörð er lítt kannað og þarf að bæta úr því. Áhrif landfyllinga við hafnarsvæðið á lífríki eru metin óviss í greinargerðinni, en áhrifa landfyllinga gæti gætt langt út fyrir hafnarsvæðið. Mikilvægt er að það sé skoðað betur í tengslum við undirbúning framkvæmda við landfyllingar.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að huga þarf sérstaklega vel að skipulagi og framkvæmdum við strandsvæði Breiðafjarðar til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á verndarsvæðið.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.



Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

